

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 29. desember 2005 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 13⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2006, seinni umræða.

a) Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2006. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að sveitarsjóður verði rekin með 1.135 þús. kr. halla á árinu og halli samstæðunnar verði 13.722 þús. Í yfirliti um sjóðstreymi kemur fram að áætlaðar fjárfestingar ársins nema 19.998 þús. og lækkun á handbæru fé verði 35.697 þús. Áætlað er að handbært fé í árslok verði 514.832 þús. Fjárhagsáætlun var samþykkt eins og hún lá fyrir fundinum.

b) Fyrir fundinum lá bréf Félagamálaráðnueytisins dags. 14. desember 2005 þar sem sveitarstjórnir eru minntar á að sveitarfélögum ber að ljúka afgreiðslu fjárhagsáætlana fyrir áramót. Í bréfinu er einnig bent á að gera skal grein fyrir stöðu fjármála sveitarfélagsins ef um halla er að ræða. Sveitarstjóra var falið að svara bréfinu.

2. Álagningareglur fasteignagjalda 2006

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga að álagningareglum fasteignagjalda 2006:

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði 1,50% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 6.000 kr og hámark 19.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 9.000 kr/íbúð.

Sorpeyðingargjöld eru 9.000 – 60.000 eftir áætluðu magni sorps frá fyrirtækjum og stofnunum.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 2.800 kr/ha.

Niðurfellingar fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega 2005.

Eftirfarandi eru reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega (75% örorku).

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekur allt að 20% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertri tekjutryggingu.
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekur allt að 50% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertri tekjutryggingu.

Tillagan var samþykkt og jafnframt að veittur verði 3% staðgreiðsluafsláttur af fasteignagjöldum

3. Byggðakvóti

a) Bréf sjávarútvegsráðuneytis, dags. 6. desember 2005.

Í bréfinu er tilkynnt um að ráðuneytið hafi fallist á tillögur hreppsnefndar um úthlutunarreglur og birt þær í stjórnartíðindum. Einnig er bent á að sveitarstjórnnum beri að auglýsa eftir umsóknum um byggðakvóta en gera síðan tillögur til ráðuneytis eftir umfjöllun um umsóknir.

Bréfið var til kynningar.

b) Auglýsing um byggðakvóta.

Fyrir fundinum lá tillaga að auglýsingu um byggðakvóta þar sem úthlutunarreglur eru kynntar. Samþykkt að veita frest til 10. janúar til að sækja um samkvæmt reglunum.

4. Bréf:

a) SSNV, dags. 20. desember 2005.

Í bréfinu er óskað eftir að aðildarsveitarfélög SSNV veiti samtökunum umboð til undirbúnings nýs þjónustusamnings milli SSNV og félagsmálaráðuneytisins um rekstur málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra.

Samþykkt að veita SSNV umbeðið umboð.

b) Skipulagsstofnunar, dags. 15. nóvember 2005.

Í bréfinu er tilkynnt um að fallist hafi verið á deiliskipulag við Ægisgrund og heimilað að auglýsa það í Stjórnartíðindum.

c) Skipulagsstofnunar, dags. 20. desember 2005.

Í bréfinu, sem stílað er á Umhverfissráðuneytið, er fjallað um svæðisskipulag Austur – Húnavatnssýslu 2004-2016 og mælt með að skipulagið verði samþykkt. Bréfið var til kynningar.

d) Siglingastofnunar, dags. 29. nóvember 2005.

Í bréfinu er fjallað um breytingar á hafnalögum og endurröðun verkefna 2006-2008. Breyting hafnalaganna felur í sér að heimild til að styrkja framkvæmdir samkvæmt eldri lögum verði framlengd um 2 ár. Endurröðun framkvæmda hefur skv. fylgiriti talsverð áhrif á áður áætlaða framkvæmdaröð við Skagastrandarhöfn.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna þess.

e) Stéttarfélagssins Samstöðu, dags. 28. nóvember 2005.

Í bréfinu er fjallað um störf erlendra starfsmanna við framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Með bréfinu er jafnframt óskað eftir samstarfi við sveitarfélagið við að farið sé eftir kjarasamningum og lögum ef verktakar á vegum sveitarfélagsins séu með erlenda starfsmenn.

Bréfið var til kynningar

f) Skipulags- og byggingarfulltrúa Skagafjarðar, dags. 14. desember 2005.

Í bréfinu er kynnt aðalskipulag Skagafjarðar 2005-2017 og er erindi þess að kynna sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga skipulagið og leita eftir viðhorfum og ábendingum.

Fram kom að héraðsráð hefur fjallað um sama erindi og mun senda bréf og gera fyrirvara við sveitarfélagamörk.

Ekki voru gerðar ályktanir vegna bréfsins.

5. Önnur mál.

Engin mál voru borinn upp undir dagskrárliðnum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 14⁰⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)